

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvar annars staðar er verið að leggja torf á þök í borgarlandinu?

Óskað er upplýsinga um hvar, ef einhvers staðar, er verið að leggja torfþök á hús á vegum borgarinnar?

Eru einhverjar sérstakar ástæður fyrir því að skipulagsyfirvöld hafa talið torfþök eftirsóknarverð? Verið svo ánægð með það val að setja torf á þök?

Er tilgangur með torfþaki að seinka frárennslinu?

Greinagerð

Þétting byggðar hefur eykur álag á frárennsliskerfi sem víða er ekki beysið í borginni og jafnvel sprungið. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort verið sé með skipulögðum hætti að tefja rennsli vatns af þökum niður í frárennsliskerfi með því að setja torfþak á mannvirki. Er verið að kaupa sér tíma? Frárennsliskerfi víða í borginni er gamalt og ekki hannað fyrir nema visst mikið byggingarmagn. Þegar verið er að þétta svo mikil byggð þá segir það sig sjálft að meira og betra frárennsli þarf og með þessu er verið að seinka frárennslinu.